Ratleikir fyrir yngsta stig



Vísbendingar á spjöldum

<u>Markmið:</u>

- að fá nemendur til að horfa í kringum sig í náttúrunni
- að tala um hluti sem við finnum í náttúrunni
- að vinna saman í litlum hópum til að leysa verkefni
- að geta staðið frammi fyrir samnemendum og sagt frá því sem þau fundu
- að njóta útiveru og öðlast virðingu fyrir því sem finnst í náttúrunni

Hér fyrir neðan eru vísbendingar sem hóparnir leysa saman. Gott er að klippa út og plasta svo hægt sé að nota verkefnið þó rigni. Hægt er að fá plastborðdúka í verslunum eins og Jysk eða efnabúðum sem hægt er að nota sem stað til að leggja frá sér hlutina á meðan hópurinn útskýrir hvernig þau komust að þeirri niðurstöðu að velja þennan hlut.

Nemendur setjast eða standa í hring á meðan kennari útskýrir verkefnið. Nemendur velja í **2-4 manna hópa**, eða kennari velur í hópana.

<u>Leiðbeiningar frá kennara:</u>

- Leggið mikla áherslu á að “**laust er laust, fast er fast**”. Þetta þýðir að það má ekki rífa og slíta upp gróður, en ef það liggur á jörðinni má taka það.
- Hópurinn á að vinna saman, tala saman og leysa verkefnið saman. (þess vegna er heppilegt að hópurinn sé ekki of stór)
- Á spjöldunum eru vísbendingar sem þarf að lesa vel þannig að öll í hópnum skilji vel.
- Þegar nemendur eru búnir að leysa verkefnið á spjaldinu á að koma aftur á upphafsstað og setjast og geyma vel það sem þau fundu.
- Þegar allir hópar eru búnir að leysa verkefnið og sestir kallar kennari á einn hóp í einu til að sýna og segja frá.
- Gefa þarf andrými til að spá og spekúlera. Í verkefninu er orðaforði sem gott er að fara vel yfir s.s. lófi, könglar, strá, sem minnir á, misstórir.

Finndu eitthvað sem minnir á fugla.	Finndu 2 hluti sem þér finnst fallegir.
Finndu litla grein og stóra grein.	Finndu 2 hluti sem eru mjúkir.
Finndu 3 köngla.	Finndu hlut sem þú getur sett á bak við eyrað.
Finndu rautt laufblað.	Finndu 1 prik sem er jafnlangt og handleggur kennarans.
Finndu 2 ólík strá.	Finndu 1 hlut sem þú getur haft á hausnum.
Finndu gult laufblað.	Finndu 2 laufblöð sem eru jafnstór og lófinn á þér.
Reyndu að finna gult blóm og sýna kennaranum.	Finndu 2 misstóra steina.
Náðu í 3 laufblöð sem ekki eru eins á litinn.	Finndu eitthvað sem er blátt.